

Tillaga	A 1975/UVU
Flytjandi	Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin
Afgreiðsla	Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Nefndartillaga um einföldun norræna tvísköttunarsamningsins

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

að innleiða yfirlit og endurskoðun á norræna tvísköttunarsamningnum með hliðsjón af tillögum að lausnum í skýrslunni *Störf yfir landamæri á Norðurlöndum: Tillaga að einföldun norrænna skattareglna með áherslu á aukinn hreyfanleika*.

Bakgrunnur

Til að framtíðarsýn norrænu forsætisráðherranna um að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030 verði að veruleika þurfa norrænu ríkisstjórnirnar að fara yfir og uppfæra landsbundnar reglur og norræna samninga.

Norræni tvísköttunarsamningurinn hefur ekki verið endurskoðaður frá árinu 2008 og mætir ekki þeim áskorunum sem vinnuferðalangar, fyrirtæki og skattyfirvöld standa frammi fyrir á norrænu landamærasvæðunum í dag.

Þetta sást ekki síst á afleiðingum tvísköttunarsamningsins fyrir þessa hópa í kórónuveirufaraldrinum, þegar lönd lokuðu landamærum sínum og takmörkuðu þar með getu starfsfólks öðrum megin við landamærin til að sinna vinnu sinni í vinnulandinu án þess að vinna heima fyrir, sem hafði í för með sér að skattlagning vinnunnar færðist yfir í búsetulandið.

Traust á norrænu ríkisstjórnunum og norrænu samstarfi rýrnaði, þar sem landsbundnar ákvarðanir sköpuðu óöryggi og stjórnsýslubyrði fyrir vinnuveitendur, skattyfirvöld og launafólk á Norðurlöndum.

„Nýja normið“ á Norðurlöndum, óháð því hvort uppi eru erfiðleikar eða ekki, felur í sér að bæði launþegar og vinnuveitendur gera kröfur um að unnið sé heima fyrir í auknum mæli.



Meðal annars segir Nordregio í nýju stefnuskjali að opinber stjórnkerfi á borð við skattkerfið hafi ekki verið aðlöguð að vinnumarkaði nútímans og að til að auka för milli landamæra á norrænum vinnumarkaði þurfi að aðlaga það (hér má lesa stefnuskjal Nordregio: <https://pub.nordregio.org/pb-2023-2-competence-mobility/index.html>).

Mismunandi reglur gilda um skattskyldu fólks sem býr í einu norrænu landi en starfar í öðru. Samkvæmt norræna tvísköttunarsamningnum þarf að greiða tekjuskatt í því landi þar sem starfað er í, tvíhliða Eyrarsundssamningurinn felur í sér að starfa þarf meira en 50% í vinnulandinu til að bera þar áfram skattskyldu, en aftur á mót mælir reglan um för yfir landamæri, „Gränsgångarregeln“, fyrir um að skattur er greiddur í heimalandinu.

Til að stuðla að framtíðarsýn forsætisráðherranna um að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030 þurfa norrænu fjármála- og skattamálaráðherrarnir að gera úttekt á norræna tvísköttunarsamningnum til að sjá hvernig regluverkið uppfyllir framtíðarþarfir norræna vinnumarkaðarins. Þetta er einnig að fullu í samræmi við formennskuáætlun Norðurlandaráðs 2024.

Uppfærsla á norræna tvísköttunarsamningnum ætti því að hafa það að markmiði að kanna allar tillögur um og fyrirliggjandi fyrirkomulag á tekjuskatti einstaklinga á Norðurlöndum sem búa í einu landi og vinna í öðru svo að unnt verði að ná fram tvísköttunarsamningi sem gildi um öll Norðurlönd. Það myndi auka jafnræði á meðal einstaklinga og fyrirtækja sem starfa þvert á landamæri á Norðurlöndum og auðvelda umsýslu skattfyfirvalda í norrænu ríkjunum.

Fyrsti liðurinn innan ramma þessarar langtímvinnu er að KPMG og Resonans Nordic hafa að beiðni Stjórnsýsluhindranaráðsins og Stjórnsýsluhindranahópsins kortlagt helstu álitæfni á sviði skattamála í greiningunni *Arbejde på tværs i Norden - Forslag til forenkling af de nordiske skatteregler med fokus på øget mobilitet* (vinna þvert á norræn landamæri – tillögur að einföldun norrænna skattareglna til að auðvelda för milli landa).

Skýrslan *Arbejde på tværs i Norden - Forslag til forenkling af de nordiske skatteregler med fokus på øget mobilitet* getur skapað grundvöll fyrir innlegg að einföldun norræna tvísköttunarsamningsins, tvíhliða skattasamninga milli Norðurlandanna og annarrar skattalöggjafar.

Nefndin leggur til að ríkisstjórnirnar byrji á því að vinna út frá tillögum skýrslunnar að lausnum á þremur mismunandi vandamálasviðum samkvæmt eftirfarandi:

- Föst starfsstöð þegar unnið er í fjarvinnu
- Skráningarskylda atvinnurekenda í mörgum landanna
- Skattlagning launatekna vegna vinnu í öðru norrænu ríki



Að því er varðar fjórða svið skýrslunnar um lífeyrismál hefur Norðurlandaráð hafið vinnu við úttekt á norrænu opinberu lífeyriskerfunum. Í tengslum við þessa vinnu verður einnig varpað ljósi á skattlagningu lífeyrisþega.

Stokkhólmi, 6. febrúar 2024

Kjell-Arne Ottosson (KD)

Markku Siponen (C)

Sandra Listherby (Lib)

Lars-Christian Brask (LA)

Gunilla Carlsson (S)

Juha Viitala (sd)

Anna Vikström (S)

Per-Arne Håkansson (S)

Odd Harald Hovland (A)

Ann-Sofie Alm (M)

Alexandra Anstrell (M)

Lars Püss (M)

Liv Kari Eskeland (H)

Ann-Christine From Utterstedt (SD)

Minna Reijonen (saf)

Erling Eidesgaard (T)

Orri Páll Jóhannsson (VG)

Tor André Johnsen (FrP)

Tengill á skýrsluna:

Danska

Arbejde på tværs i Norden - Forslag til forenkling af de nordiske skatteregler med fokus på øget mobilitet

<https://norden.diva-portal.org/smash/record.jsf?pid=diva2%3A1796817&dswid=-4103>

Sænska

Arbete över gränserna i Norden: Förslag om att förenkla de nordiska skattereglerna med fokus på ökad rörlighet

<https://norden.diva-portal.org/smash/record.jsf?pid=diva2%3A1810954&dswid=-2267>

Norska

Arbeid på tvers av Norden: Forslag til forenkling av nordiske skatteregler med fokus på større mobilitet

<https://norden.diva-portal.org/smash/record.jsf?pid=diva2%3A1818100&dswid=-9420>

Finnska

Työskentely maiden rajojen yli Pohjoismaissa: Ehdotus pohjoismaisten verosääntöjen yksinkertaistamiseksi tavoitteena liikkuvuuden lisääminen

<https://norden.diva-portal.org/smash/record.jsf?pid=diva2%3A1818109&dswid=4514>



Íslenska

Störf yfir landamæri á Norðurlöndum: Tillaga að einföldun norrænna skattareglna með áherslu á aukinn hreyfanleika

<https://norden.diva-portal.org/smash/record.jsf?pid=diva2%3A1818117&dswid=7530>

Enska

Working across the Nordic countries: Proposal to simplify Nordic tax rules with a focus on increased mobility

<https://norden.diva-portal.org/smash/record.jsf?pid=diva2%3A1818113&dswid=-3117>